

**Fylgiskjal 1.****ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 38/2026****frá 6. febrúar 2026****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2494 frá 24. september 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31rzf (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1264) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31rzg. **32024 R 2494**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2494 frá 24. september 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (Stjtið. ESB L, 2024/2494, 25.9.2024).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 8. gr.:
  - i) í 1. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“,

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/2494, 25.9.2024, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2024/2494/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2494/oj)

- ii) í 2. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“.
- b) í I. viðauka:
- i) orðunum „og Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á“ er bætt við á eftir orðunum „lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“,
  - ii) orðunum „og Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á“ er bætt við á eftir orðunum „tilkynning til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar“,
  - iii) orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á“ er bætt við á eftir orðunum „beiðni til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2494, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. febrúar 2026, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2026.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.